

Miðvikudaginn 10. febrúar 1988.

Nr. 304/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason hrl.)

gegn

Guttormi Pétri Einarssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Tilbúningur og sala áfengis. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1987 og jafnframt af hálfu ákærvalds til refsiakvörðunar og staðfestingar um upptöku.

Ágrip dómsgerða bárust Hæstarétti 11. desember 1987.

Úrslit máls þessa ráðast af skýringu á 1. mgr. 7. gr. og 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

7. gr. 1. mgr. er þannig:

„Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.“

Ákærði stóð fyrir því að á vegum „Bjórsamlags Ámunnar“ var tekið við áfengisflöskum, sem menn höfðu keypt í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þetta áfengi var notað til að blanda því saman við önnur efni, þar á meðal bjór, sem ekki náði styrkleikanum 2,25% af vínanda og var því ekki áfengi eftir lögum nr. 82/1969. Þeir sem með áfengið komu greiddu fyrir þennan bjór og önnur efni svo og fyrir þá þjónustu, sem þeim var veitt. Drykkurinn, sem þeir síðan fengu afhentan, hafði sérstaka eiginleika, aðra en þá sem hið framlagða áfengi hafði, og þau efni sem ákærði sá um að útvega. Var sú staðreynd grundvöllur þessarar starfsemi á vegum ákærða. Í málflutningi sínum taldi saksóknari, að það skipti mestu um skýringu á því ákvæði, sem hér er fjallað um, að í raun hefði verið um nýjan drykk að ræða. Af hálfu ákærða var aftur á móti lögð á það áhersla, að enginn vínandi hefði verið framleiddur heldur aðeins farið fram blöndun, og væri þess vegna eigi unnt að

tala um að áfengi hefði verið bruggað eða búið til. Myndi og að álit á ákærða, ef svo yrði talið, margs konar algeng vínblöndun á veitingahúsum og á heimilum, svo og önnur algeng notkun áfengis, svo sem við matargerð, fela í sér brot á 7. gr. 1. mgr. áfengislaga, en sú niðurstaða sé fjarstæð. Skýring eftir orðanna hljóðan bendir til að hinn fyrri skýringarkostur sé réttur, því að á vegum ákærða var áfengur drykkur búinn til. Þá styrkir það þessa niðurstöðu hver er tilgangur áfengislaganna, en hann kemur fram í 1. gr. þeirra eins og í héraðsdómi greinir. Ber því að sakfella ákærða fyrir brot á 7. gr. 1. mgr. laganna. Það fær ekki hnekkt þessari niðurstöðu, að ýmiss konar vínblöndun og notkun áfengis við veitingar og annað verður ekki felld undir lagaákvæði það, sem hér er til meðferðar. Skilur þar á milli að ákærði vann að því að búa til áfengan drykk í atvinnuskyni en ekki á þann hátt, sem bersýnilega eftir eðli máls og langri lagaframkvæmd fellur utan hins umdeilda lagaákvæðis.

18. gr. áfengislaganna er þannig:

„Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.“

Eins og þegar er að vikið stóð ákærði fyrir því, að menn fengu afhentan áfengan drykk gegn greiðslu fyrir nokkur efni, er til hans þurfti, og gegn greiðslu fyrir þjónustu sem veitt var þegar hann var búinn til. Hann lét því af hendi áfengi til annarra manna gegn gjaldi og braut þannig þessa lagagrein. Verður hann því sakfelldur eftir ákærunni um þetta atriði.

Samkvæmt þessu ber að fallast á þá niðurstöðu sakadóms, að ákærði verði sakfelldur fyrir þau brot, sem í ákæru greinir. Hvorki eru efni til að láta refsingu niður falla eftir 74. gr. né 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 50.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing 25 daga varðhald.

Eftir 8. gr. áfengislaga ber að fallast á kröfu þá um upptöku, sem fram kemur í ákæru. Er þar m.a. krafist upptöku á 125 l áfengis ásamt ílátum. Af málsgögnum verður ráðið, að hinn 15. febrúar 1985 hafi verið lagt hald á 175 lítra og ílát, en dómur getur aðeins gengið um það magn og þau ílát, sem í ákæru greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guttormur Pétur Einarsson, greiði 50.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 25 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Uptækir skulu vera til ríkissjóðs 125 lítrar af áfengi með ílátum, drykkjarvörukælir með tveimur kæliásam, kolsýruflaska, plastkútur til átöppunar, þrýstislöngur, stútar og mælar, sem hald var lagt á 15. febrúar 1985.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 25.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Í 7. gr. áfengislaga nr. 82/1969 segir: „Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva ...“

Í mæltu máli er ekki gerður merkingarlegur munur á þessum tveim hugtökum, að brugga og búa til áfengi. Talað er um bjórbruggara, vínbruggara, landabriggara o.s.frv. Þessi tvítekning í 7. gr. laganna virðist ekki þjóna öðru markmiði en sem áhersluatriði.

Tilbúningur áfengis (bruggun) er lífefnafræðilegur þróunarferill sem felur í sér gerjun ákveðinna efna, sem breytir sykri (sykurtegundum) í alkóhól og kolsýru (öl, vín), en við eimingu þessa vökva, sem þannig verður til, verður til sterkt áfengi. Einnig þekkist efnafræðileg framleiðsla alkóhóls. Samkvæmt þessu getur blöndun áfengisvökva við önnur efni, svo sem annan áfengisvökva, vatn, gosdrykki, óáfengan bjór o.s.frv., ekki verið tilbúningur áfengis (bruggun). Hvergi í lögum er slík blöndun áfengra drykkja bönnuð.

Ákærði blandaði tveim tegundum áfengis við óáfengan bjór, auk þess sem hann setti út í blöndunina bragð- og fyllingarefni. Þetta

er ekki tilbúningur áfengis samkvæmt því sem lýst hefur verið, heldur blöndun. Til áréttingar þessum skilningi má benda á að hann fær stuðning í ákvæði 3. mál. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 312/1985 um breyting á reglugerð nr. 335/1983 um sölu og veitingar áfengis. Ákvæðið bannar að framreiða öl, sem áður hefur verið blandað áfengi, á veitingastöðum. Óþarft var að setja slíka bannreglu, ef það hefði verið skilningur reglugerðargjafans (dómsmálaráðherra) að þessi blanda (bjórlíki) væri tilbúningur áfengis, því að þá hefði dugað að beita 7. gr. 1. nr. 82/1969 til að hefta slíka veitinga-starfsemi. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna ákærða af þeim hluta ákærunnar, er lýtur að broti á 7. laga nr. 82/1969.

Forsenda fyrir upptökukröfunni í ákærunni samkvæmt 8. gr. 1. nr. 82/1969 er sakfelling samkvæmt 7. gr. laganna. Þar sem slíku er ekki til að dreifa ber að sýkna ákærða af upptökukröfunni.

Viðskiptum þegnanna með áfengi eru settar mjög þröngar skorður í lögum og yfirleitt háðar leyfum, sbr. IV. kafla 1. nr. 82/1969. Ákærði hafði ekkert slíkt leyfi. Þar sem blöndunarstarfsemi ákærða tengdist áfengi og afhendingu þess gegn gjaldi er ég samþykkur atkvæði meirihlutans um að ákærði hafi brotið gegn 18. gr. 1. nr. 82/1969. Áður en ákærði hófst handa um þessa blöndunarstarfsemi sína virðist hann hafa kannað sérstaklega lög-mæti hennar. Hann beitti sér fyrir því að fyrirtækið Hafplast sf., sem hann er eigandi að ásamt öðrum, stofnaði í janúar 1985 þjónustusamlag undir heitinu: Bjórsamlag Ámunnar, og tilkynnti stofnun þess til firmaskrár Reykjavíkur. Í tilkynningu þessari kom fram, að markmið samlagsins var að annast blöndun á áfengum drykkjarföngum fyrir samlagsmenn. Ákærði lagði þannig enga dul á blöndunarstarfsemina, enda taldi hann hana hvíla á löglegum grunni. Samkvæmt þessu og með heimild í 3. töl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um niðurfelling refsingar.

Ég er samþykkur ákvörðun meirihlutans um sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Refsing ákærða Guttorms Péturs Einarssonar skal niður falla.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 25.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. júlí 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 1. júlí, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 422/1987: Ákærvaldið gegn Guttormi Pétri Einarssyni, sem tekið var til dóms 26. fyrra mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 12. apríl 1985, gegn ákærðum „Guttormi Pétri Einarssyni forstjóra, Kleifarási 13, Reykjavík, fæddum 15. mars 1938 í Vestmannaeyjum, fyrir áfengislagabrot, með því að hafa í febrúarmánuði 1985 búið til í húsakynnum fyrirtækja sinna, Hafplasts sf. og Verslunarinnar Ámunnar, Ármúla 21, Reykjavík, 580 lítra af áfengum drykk sem innihélt hreinan vínanda á bilinu 4,97 - 5,2% af rúmtaki og síðan á tímabilinu 7. febrúar fram til 15. febrúar, að hald var lagt á hluta áfengisins ásamt ilátum og tækjum, afhent eftirgreindum mönnum þar áfengið gegn því gjaldi sem greint verður:

1. Sigurði Breiðfjörð Finnbogassyni, Mávahlíð 35, Reykjavík, 5 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 450,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

2. Kjartani Blöndal, Sólbraut 1, Seltjarnarnesi, 50 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 4.500,00 í peningum og afhendingu á fimm flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

3. Ólöfu Sigríði Pálsdóttur, Spóahólum 10, Reykjavík, 50 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 4.500,00 í peningum og afhendingu á fimm flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

4. Jónasi Sigurðssyni, Kleppsvegi 20, Reykjavík, 25 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 2.400,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

5. Aðalbirni Þór Kjartanssyni, Stóragerði 10, Hvolsvelli, 25 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 2.250,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

6. Sveini Valdimar Lýðssyni, Meistaravöllum 8, Reykjavík, 10 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 900,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

7. Guðlaugi List Pálssyni, Kópavogsbraut 43, Kópavogi, 5 lítra af

áfenginu gegn greiðslu á kr. 450,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

8. Jóni Garðari Ögmundssyni, Skaftahlíð 3, Reykjavík, 50 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 4.500,00 í peningum og afhendingu á 5 flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

9. Sigurði Ármanni Sigurjónssyni, Hvassaleiti 16, Reykjavík, 25 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 2.250,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

10. Garðari Skarphéðinssyni, Vesturholti, Stöðvarfirði, 5 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 450,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

11. Reynald Þráni Jónssyni, Sæviðarsundi 23, Reykjavík, 50 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 4.500,00 í peningum og afhendingu á fimm flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

12. Áka Sigurðssyni, Túngötu 20, Súðavík, 10 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 900,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

13. Birgi Kristinssyni, Oddnýjarbraut 1, Sandgerði, 25 lítra af áfenginu gegn greiðslu á kr. 2.250,00 í peningum og afhendingu á þremur flöskum af kláravíni og einni flösku af whisky.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 7. gr. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku samkvæmt 8. gr. áfengislaga, sbr. 2. gr. laga nr. 84, 1971, á 125 lítrum af áfenginu ásamt ílátum, drykkjarvörukæli með tveimur kælírásum, kolsýruflösku, plastkút til átöppunar, þrýstislöngum, stútum og mælum, sem lögreglan lagði hald á í Ármúla 21, Reykjavík þann 15. febrúar 1985, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærðs hefur hann sætt kærnum og refsingum svo sem hér segir:

1958 11/9 í Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1959 28/12 í Vestm.eyjum. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1960 28/8 í Vestm.eyjum. Sátt: 250 kr. sekt fyrir ölvun.

1961 29/7 í Vestm.eyjum. Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfl.

1963 26/1 í Vestm.eyjum. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 22/3 í Vestm.eyjum. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 13/4 í Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 5/3 í Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1978 16/3 í Reykjavík. Sátt: 90.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl.

Sviptur ökul. í 12 mán. frá 4/2 1978.

1980 27/11 í Reykjavík. Dómur: 1.200.000 kr. sekt f. brot g. 32. gr. 1. nr. 120, 1976.

1982 23/4 í Reykjavík. Sátt: 1.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 22. janúar 1985 stofnaði ákærður fyrirtækið Bjórsamlag Ámunnar.

Samkvæmt 3. gr. stofnsamnings var tilgangur þess „að veita þjónustu til samlagsmanna við blöndun á áfengum drykkjarföngum sem gerð eru áfeng með löglega fengnu áfengi úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.“

Í 4. gr. stofnsamnings segir: „Samlagið sjálft hefur enga milligöngu um kaup, sölu eða veitingu áfengis í einu eða öðru formi, samkvæmt skilgreiningu íslenskra laga um áfengi, en leggur einungis til þau óáfengu drykkjarföng sem hið fram lagða áfengi samlagsmanna er blandað í.“

Þá segir í 5. gr. stofnsamningsins meðal annars: „Samlagið tekur ekki greiðslu fyrir meðhöndlun þess áfengis sem samlagsmenn leggja fram, ... Samlagið innheimtir einungis gjöld fyrir þau óáfengu drykkjarföng sem notuð eru í blöndun fyrir samlagsmenn; fyrir meðferð þeirra og framleiðsluleyndarmál íblöndunarefna, auk umbúða.“

Loks segir í 6. gr. stofnsamnings Ámunnar meðal annars: „Samlagsmenn geta allir landsmenn orðið sem náð hafa lögskyldum aldri og halda fullum réttindum til kaupa á áfengi úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Samlagsmenn eru einungis ábyrgir fyrir skuldbindingum samlagsins með framlögðu áfengi sínu ...“

Hinn 4. febrúar 1985 kom lögregla í húsakynni Ámunnar að Ármúla 21 í Reykjavík. Ákærður skýrði henni frá starfsemi þeirri sem á döfinni væri og lét í té ýmis gögn því viðvíkjandi. Lögregla sendi ríkissaksóknara þau næsta dag ásamt könnunarskýrslu sinni.

Að eigin sögn hóf ákærður starfrækslu Bjórsamlags Ámunnar hinn 7. febrúar 1985. Var henni fram haldið til 15. sama mánaðar, en þá birtist lögregla að nýju á starfsstað ákærðs og lagði hald á áfengisbirgðir og vinnslutæki samkvæmt bréflegum fyrirmælum ríkissaksóknara degi fyrr. Lauk þar með þessari starfrækslu Bjórsamlags Ámunnar.

Ákærður hefur fyrir dómi skýlaust jatað, að hann hafi á nefndu tímabili blandað 580 lítra af drykk, sem hafði inni að halda hreinan vínanda á bilinu frá 4,97 að 5,2% að rúmtaki. Hann kannaðist einnig við að hafa afhent drykk þennan mönnum þeim sem í ákæru eru nafngreindir, eftir að þeir lögðu fram áfengi sem þeir höfðu sjálfir áður keypt löglega hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, og jafnframt goldið ákærðum fyrir aðföng, vinnu og hæfilega álagningu, að hans mati. Þessi játning ákærðs er studd framburðum fyrrnefndra aðila sem staðfest hafa hjá lögreglu og fyrir dómi að þeir hafi á nefndum tíma gerst samlagsmenn í Ámunni, meðal annars eftir

auglýsingum í dagblöðum, lagt ákærðum til löglega keypt áfengi, greitt honum þóknun sem hann ákvað og borið úr býtum áfengisblöndu, allt svo sem rækilega er lýst í ákæru.

Gögn málsins og vætti vitna bera með sér að nokkrar vélritunarvillur hafa slæðst inn í ákæru. Þannig greiddu Aðalbjörn Þór Kjartansson og Birgir Kristinsson, hvor um sig, ákærðum 2.350,00 krónur, og þeir Sveinn Valdimar Lýðsson og Áki Sigurðsson hvor um sig 950,00 krónur. Loks áskotnuðust Guðlaugi List Pálssyni 25 lítrar af vínblöndunni, galt enda 2.250,00 krónur fyrir. Vélritunarskekkjur þessar verða ekki skýrðar ákærðum í óhag.

Af hálfu ákærðs er því meðal annars haldið fram, að ekki komi til greina, „að samblöndun áfengra og óáfengra drykkja geti talist „tilbúningur áfengis“ í skilningi III. kafla laga nr. 82/1969. Ef svo væri hlyti öll starfsemi á sviði áfengisveitinga að fara gegn ákvæðinu (t.d. starf barþjóns að gerð kokteils) ...“ Þá er talið fráleitt að starfsemi Bjórsamlags Ámunnar geti farið gegn 18. gr. áfengislaga, „fyrst og fremst vegna þess að hjá samlaginu er aðeins meðhöndlað áfengi sem samlagsmaðurinn hefur sjálfur komið með og á“.

Í 1. gr. áfengislaga nr. 82 1969 er berum orðum tekið fram að tilgangur laganna sé „sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara“. Eru þannig í lögnum settar þröngar skorður við tilbúningi áfengis og allri meðferð þess í landinu, meðal annars í formi leyfa og opinbers eftirlits.

Ákærður stofnaði og starfrækti í hagnaðarskyni fyrirtæki til að blanda áfengi. Hann hafði hvorki vínveitingaleyfi né sérstakt leyfi stjórnvalda til starfseminnar, og hún sætti engu eftirliti.

Talið verður að háttsemi ákærðs, sem sönnuð er með eigin játningu hans, vættum vitna og öðrum gögnum málsins, varði við lagaákvæði þau sem í ákæru eru rakin, sbr. og 5. gr. laga nr. 52, 1978, en eftir öllum atvikum og með vísan til 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, þykir mega ákveða að refsing í málinu falli niður.

Samkvæmt 8. gr. áfengislaga verða tæki þau og áfengi sem málinu fylgja gerð upptæk til ríkissjóðs.

Loks ber að dæma ákærðan til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 25.000,00.

D ó m s o r ð:

Refsing ákærðs, Guttorms Péturs Einarssonar, skal niður falla. Áfengi og tæki, sem málinu fylgja, skulu upptæk til ríkissjóðs. Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun

Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 25.000,00.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. febrúar 1988.

Nr. 25/1988. **Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

gegn

Þrotabúi Byggingafélagsins

Reynis hf.

Kærumál. Úrskurður um að mál skuli hafið felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðilar kærðu 18. janúar 1988 með heimild í 21. gr. 1. mgr. 1. tl. b og 2. tl. laga nr. 75/1973 til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 12 s.m. um að hefja ex officio skiptaréttarmál nr. 28/1984. Þeir krefjast þess að úrskurðinum verði hrundið og að lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka málið nú þegar til efnisúrlausnar. Ekki er gerð krafa um kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki gert kröfur eða skilað greinargerð.

Sóknaraðilar lýstu á sínum tíma kröfum í þrotabúi það, sem er varnaraðili máls þessa. Þá var til meðferðar á bæjarþingi mál, sem byggingafélagið hafði höfðað gegn sóknaraðilum. Það ágreiningsmál var flutt í skiptarétti, en vísað tvívegis frá dómi þar og þá enn höfðað bæjarþingsmál, nú í þrotabúsins nafni. Er ekki fram komið að því bæjarþingsmáli sé lokið. Eftir 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 mega sóknaraðilar draga frá skuld eftir hugsanlegum bæjarþingsdómi það, sem þeir eiga hjá þrotabúinu. Að lögum er þeim þó ekki skylt að leggja það í úrlausn bæjarþingsins, hve mikið það